

Svæðisáætlun um úrgang á Vestfjörðum

Minnisblað - staða og næstu skref



Unnið af Hjörleifi Finnssyni
verkefnastjóra fyrir
Vestfjarðastofu september 2023.

Svæðisáætlun hefur „... að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir“ (úr 6. Gr. Laga nr. 55/2003)

Svæðisáætlun á Vestfjörðum

Forsaga

Árið 2003 voru sett lög sem kváðu á um að sveitarfélög skyldu gera svæðisáætlanir í úrgangsmálum, ein sér eða í sameiningu. Árið 2021 var hringrásar hagkerfið leitt í lög með breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með mikilvægum breytingum varðandi eftirfylgni Umhverfisstofnunar sem tækju gildi 1. janúar 2023. Á 67-unda fjórðungsþingi Vestfirðinga 2022 var lagt til við Vestfjarðastofu að hefja gerð áætlunarinnar fyrir öll sveitarfélögin sameiginlega.

Núverandi staða

Vestfjarðastofa tekur nú fyrstu skrefin að gerð svæðisáætlunar með þessu minnisblaði. Áður hafði þó verið unnin ákveðin grunnvinna af frumkvæði Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum tóku flest þátt í. Verkefnið nefndist „Samtaka um Hringrásarhagkerfi“ og greinargerð var skrifuð undir hatti þess. Þar er m.a. gert grein fyrir stöðu úrgangsmála á Vestfjörðum miðað við apríl 2022.

Næstu skref við gerð úrgangsaætlunar

Að mati Verkefnastjóra ættu næstu skref í gerð svæðisáætlunar að vera á þessa leið:

- Skilgreina verkefnið nákvæmlega og ákvarða fjárför
- Skilgreina hlutverk sveitarfélaga, ráðgjafa og Verkefnisstjóra Vestfjarðastofu
- Ákvarða tímaás verkefnisins
- Ráða ráðgjafa
- Hefja störf

Skilgreining verkefnisins

Mjög góðar upplýsingar liggja fyrir hvernig haga þarf verkefninu, m.a. í handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar, þar koma helstu skref fram:

Helsti Tilgangur Svæðisáætlunar

- Að minnka úrgang og lágmarka förgun
- Vettvangur sameiginlegra ákvarðanna í úrgangsmálum
- Forsenda sameiginlegrar uppbyggingar á innviðum (t.d. Jarðgerð)
- Ef sveitarfélögin gera samhljóða samþykktir, byggða á svæðisáætluninni, er forsenda fyrir sameiginlegum útboðum í framkvæmd úrgangsmála

Mögulegir sameiginlegir innviðir

- Jarðgerð
- Sófnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum.

Tengsl við annað umhverfisstarf

- Magn úrgangs sveitarfélaganna var tekið saman í skilum gagna til Earth Check
- Úrgangsmál tengjast

áskoranir

- Greina stöðu úrgangsmála á svæðinu og þróun til framtíðar.
- Setja stefnu þar sem fram koma áherslur sveitarfélags á gildistíma stefnunnar.
- Setja töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Setja fram aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun getur verið í tveimur skrefum, þ.e. almennar aðgerðir til lengri tíma og síðan vel skilgreindar aðgerðir til styttri tíma.
- Skilgreina hvernig aðgerðaáætlun verður framkvæmd, gera tímaáætlun og ákveða hverjir bera ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni. Ákveða hvenær verður tekin afstaða til þess hvort þörf sé á endurskoðun innan gildistíma.

- Eru til tölur vegna viðmiðunarárs 1995?
- Koma á fót effektífu úrgangsbókhaldi hjá sveitarfélögunum (sambandið)
- Að fá almenning og fyrirtæki til að taka þátt
-

Hlutverk

Mikilvægt er að hlutverk ólíkra aðila séu skýr frá upphafi, þau ættu gróflega að vera á þessu leið:

- **Verkefnastjóri** sér um heildarutanumhald áætlanagerðarinnar, samskipti og aðstoð við ráðgjafa og er tengiliðill ráðgjafans við sveitarstjórnir.
- **Sveitarfélög** (kjörnir fulltrúar og starfsmenn) setja fram stefnu og áherslur á stefnumótunarfundum og ákveða töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Taka þátt í vinnu við aðgerðaáætlun með ráðgjafa og verkefnastjóra. Sveitarfélögin skila svo upplýsingum um úrgang og stöðu úrgangsmála til ráðgjafa og fullvinna aðgerðaáætlun með aðstoð verkefnastjóra og ráðgjafa.
- **Ráðgjafi** sér um að gera grein fyrir stöðu úrgangsmála á svæðinu og meta líklega þróun til framtíðar. Hann stýrir stefnumótunarfundum sveitarfélaganna með aðstoð verkefnisstjóra. Ráðgjafi gerir tillögu að aðgerðaáætlun og vinnur úr athugasemdum sveitarstjórnarfólks.